

72. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 24. maí 2019 kl. 10:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Guðjón Skúlason, Púriður Halldóra Aradóttir, Berglind Kristjánsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Eyþór Sæmundsson, Brynhildur Kristjánsdóttir, Sigrún Ásta Elefsen, Ísak Ernir Kristinsson og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. **Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2019. Guðni Gunnarsson endurskoðandi frá íslenskum endurskoðendum.**
2. **Innflytjendur í ferðaþjónustu – drifkratur vaxtar og hagsældar. Kynning á rannsókn, Hallfríður.**
3. **Til upplýsingar: Staða verkefna MR úr Sóknaráætlun.**
 - a. Rannsókn á ferðahegðun
 - b. Uppfærsla á myndabanka
 - c. Skemmtiferðaskip á Reykjanesi
 - d. Viðburðadagatal
4. **Til upplýsinga: Trendkite, umfjöllun um Reykjanes í erlendum miðlum í samstarfi við Íslandsstofu.**
5. **Til upplýsingar: Drög að umsókn MR til Matarauðs Íslands í samstarfi við Reykjanes Geopark.**
6. **Áfangastaður landshlutanna – kynning**
7. **Námskeið á vegum NMÍ – minnisblað frá fundi Heklunnar og NMÍ**
8. **Atvinnuleysistöður**
9. **Önnur mál**

10. **Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2019.**

Guðni Gunnarsson endurskoðandi frá íslenskum endurskoðendum kynnti ársreikninginn. Ársreikningurinn lagður fram og samþykktur.

11. **Innflytjendur í ferðaþjónustu – drifkratur vaxtar og hagsældar. Kynning á rannsókn, Hallfríður.**

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir frá Mirru fræðslu- og rannsóknarsetri kynnti niðurstöður rannsóknar á innflytjendum í ferðaþjónustu í tengslum við umbreytingar á íslenskum vinnumarkaði.

1. **Til upplýsingar: Staða verkefna MR úr Sóknaráætlun**

Púriður kynnti stöðu verkefna MR sem fjármögnuð eru úr Sóknaráætlun.

2. **Til upplýsinga: Trendkite, umfjöllun um Reykjanes í erlendum miðlum í samstarfi við Íslandsstofu.**

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including "Púriður", "HEK", "Björk", "Sigrún", and "Dagný".

Lagt fram til upplýsingar.

3. Til upplýsingar: Drög að umsókn MR til Matarauðs Íslands í samstarfi við Reykjanes Geopark.

Lagt fram til upplýsingar.

4. Áfangastaður landshlutanna – kynning

Þuríður kynntu stöðu verkefnisins. Verkefnið er hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stjórnstöð ferðamála. MR hefur ekki fengið uppl. um stöðuna og framhald sem er til boga vegna áætlunargerðar en fjármagn þarf að fylgja verkefnum.

5. Námskeið á vegum NMÍ – minnisblað frá fundi Heklunnar og NMÍ

Berglind kynnti fyrirhuguð námskeið sem sett verða upp í haust í samstarfi við NMÍ.

6. Atvinnuleysistöður

Berglind fór yfir stöðu á atvinnuleysisskrá. Atvinnuleysi er komið í 6,3% í lok apríl sem er sláandi í samanburði við tölur í apríl 2018. Nú hafa 160 bæst við af atvinnuleysisskrá frá falli Wow air. Fleiri umsóknir eru óafgreiddar í kerfinu. Vinnumálastofnun Íslands verður með vinnustofu til að greina bakgrunn þeirra sem eru á skrá í fyrsta sinn s.s. menntun og aðstoða þá við að finna sér vinnu í öðrum geira. Niðurstöður þeirrar vinnu verða kynntar þegar þær eru ljósar. Er þetta í fyrsta sinn sem fjöldi atvinnulausra útlendinga er meiri en fjöldi Íslendinga.

7. Önnur mál

- a. Ísak Ernir spurði hvernig Heklan muni bregðast við breytingum á atvinnumarkaði á Suðurnesjum s.s. flutning á raforku og sæstreng þar sem gætu verið tækifæri til framtíðar m.a. í tengslum við gagnaver. Mikilvægt að horfa til fleiri greina en ferðapönustu.
 - i. Sigurgestur sagði það vera forgangsmál að stjórnvöld séu undirbúin fyrir stöðu mála í haust og Suðurnesin fái stuðning til að bregðast við.
- b. Guðjón sagði að skoða þurfi framtíð innanlandsflugs í tengslum við breytta stöðu á Keflavíkurflugvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:55.

Þuríður Kurlaug
Linnur Jónsson
Þorvaldur Þorsteinsson

Ísak E. Lúðvígsson

Geir Björnsson
Þorgerður Þorvaldsdóttir

Berglind Knektadóttir

Þorgerður Þorvaldsdóttir